LANDSSAMBAND VEIÐIFÉLAGA
Bolholt 6 • 105 Reykjavík • Sími 553 1510 • Símbréf 568 4363

9. desember 1996.

Alþingi
Erindi nr. Þ 121 / 435
komudagur 12/12 1996

Nefndasvið Alþingis,
Umhverfisnefnd,
Hr.Ólafur Örn Haraldsson, formaður,
Alþingi,
150 Reykjavík.

Höfum móttekið til umsagnar frv. til laga um skipulags- og byggingarlög, 98. mál, heildarlög.

Í sambandi við umgetið frumvarp eru það ákvæði varðandi skipulags-og byggingarmál á miðhálendi landsins, sem við höfum sérstaklega áhuga fyrir að fylgjast með, og þá með tilliti til veiðifélaga um vötn á afréttum og starfsemi þeirra, sem er lögbundin, sbr.ákvæði laga um lax-og silungsveiði frá 1970.

Fagna ber því, að í frv. er gert ráð fyrir að landið allt verði skipulagsskylt, sbr. 9. grein. Vonast er til, sbr. störf Samvinnunefndar, þar sem Héraðsnefndir eiga fulltrúa, leiði til þess að skipulagsmál miðhálendisins, svonefnda, verði í hverjum landshluta í beinum tengslum við nærliggjandi byggðarlag og falin viðkomandi sveitarfélagi til ákvörðunar.

Eðlilegt er að atvinnurekstur í þágu ferðaþjónustu sem fram fer á miðhálendinu verði, að öllu leyti, settur undir hliðstæðar reglur og gilda í byggð. Í þessu sambandi skal minnt á ályktun, sem gerð var á seinasta aðalfundi Landssambands veiðifélaga gagnvart umferð almennings um landið. Þar segir m.a. að aðalfundurinn hvetji til þess að aðgengi almennings að landinu verði auðveldað innan skynsamlegra marka, en varar eindregið við að rugla saman aðgengi og nýtingarrétti. Lögsaga og nýtingarréttur fari saman.

Allra virðingarfyllst,

Landssamband veiðifélaga,

Böðvar Sigvaldason

Böðvar Sigvaldason,
formaður